

Ed. 749. Frumvarp til laga [403. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og hlutfall útsvars, og skal það vera hið sama á öllu landinu, og ákveðið í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórna skv. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Hafi sveitarfélag ekki tilkynnt ákvörðun sína í tæka tíð skv. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1980 skal miða við fyrra árs ákvörðun þess.

2. gr.

Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðist svo: Þrátt fyrir það að innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu sé hið sama á öllu landinu, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal við skiptingu og skil bráðabirgðagreiðslu útsvars til sveitarfélaga miðað við þann hundradshluta, sem hver sveitarstjórn hefur ákveðið að verði álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. 26. gr. laga nr. 73/1980, með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 8. febrúar 1988, skipaði félagsmálaráðherra starfshóp til að gera tillögu að breytingu á 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingin átti að fela það í sér að ákvörðun og ábyrgð á innheimtuhlutfalli útsvars yrði í höndum sveitarstjórnarmanna sjálfra. Í starfshópinn voru skipaðir Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri og Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri.

Starfshópurinn velti fyrir sér ýmsum leiðum til að ná umræddu markmiði. Í ljós kom að af hálfu „skattkerfisins“ var lögð mikil áhersla á að halda reglum um staðgreiðslu skatta sem einföldustum og m.a. að innheimtuhlutfall í staðgreiðslu yrði hið sama fyrir allt landið.

Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til félagsmálaráðherra hinn 9. mars sl. Í tillögum hans er reynt að samræma þessi tvö sjónarmið, þ.e. að hafa eitt innheimtuhlutfall í staðgreiðslu fyrir allt landið og að sveitarfélögin fái það í sinn hlut sem sveitarstjórnin sjálf ákveður. Af þessu sökum gengu tillögur starfshópsins í þá átt að þegar fjármálaráðherra ákveður, samkvæmt heimild í 32. gr. laga nr. 45/1987, með síðari breytingum, hvernig skiptingu á bráðabirgðagreiðslu útsvars til sveitarfélaga skuli hagað, verði miðað við þann hundradshluta sem hver sveitarstjórn hefur ákveðið að verði álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. 26. gr. laga nr. 73/1980, með síðari breytingum.

Starfshópurinn samdi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, þar sem gerðar eru breytingar á 26. gr. laganna til að ná framangreindu markmiði.

Starfshópurinn taldi að til samræmis þyrfti að gera nokkrar breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Starfshópurinn samdi því frumvarp þetta sem hér liggur fyrir og þyrfti að afgreiða það samhliða breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. gildandi laga er það félagsmálaráðherra sem ákveður innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er að því stefnt með þessu frumvarpi að ákvörðun um innheimtuhlutfall útsvars verði byggð á ákvörðunum sveitarfélaga um það hvaða útsvarsprósentur þau ætla í reynd að nota á viðkomandi staðgreiðsluári. Gert er ráð fyrir því að sveitarstjórn ákveði fyrir 1. desember ár hvert með hvaða hundradshluta útsvar verði lagt á tekjur manna á næsta ári og að þessi ákvörðun verði tilkynnt fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 15. desember sama ár. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu verði síðan ákveðið sem vegið meðaltal af ákvörðunum allra sveitarstjórna og þá miðað við útsvarsálagningu fyrra árs. Samkvæmt þessari grein er innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu hið sama á öllu landinu.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum segir að innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sé hið sama fyrir allt landið og eru skil til sveitarfélaganna allra reiknuð út frá sama hlutfalli. Lagt er til í þessari grein að sú breyting verði gerð að við skiptingu og skil bráðabirgðagreiðslu útsvars til sveitarfélaga verði miðað við þann hundradshluta sem sveitarstjórn hefur ákveðið að sé álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu. Samkvæmt 32. gr. laga nr. 45/1987 setur fjármálaráðherra reglur um uppgjör, skil og skiptingu bráðabirgðagreiðslu opinberra gjalda og getur því ákveðið við hvaða hundradshluta skil á bráðabirgðagreiðslu útsvars verði miðuð til viðkomandi sveitarfélags ef það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni skv. 26. gr. laga nr. 73/1980, með síðari breytingum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.